
Hreinsistöð fráveitu á Akureyri Ákvörðun um matsáætlun

Inngangur

Þann 14. apríl 2016 barst Skipulagsstofnun tillaga Norðurorku að matsáætlun um fyrirhugaða hreinsistöð fráveitu á Akureyri samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Akureyrarbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Hreinsistöð fráveitu á Akureyri. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Norðurorka og EFLA verkfræðistofa, apríl 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Akureyrarbæ með bréfi dags. 18. maí 2016.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 13. maí 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 4. maí 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 9. maí 2016.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 9. maí 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfum dags. 27. apríl og 24. júní 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá Norðurorku með tölvubréfi dags. 1. júní 2016.

Framkvæmd og umhverfisáhrif

Framkvæmdalýsing

Í tillögu framkvæmdaraðila kemur fram að byggja eigi hreinsistöð á uppfyllingu við Sandgerðisbót á Akureyri. Þangað verði dælt skólpi frá Akureyrarbæ og það grófhreinsað áður en því verði veitt til sjávar. Fráveitan frá hreinsistöðinni fari um 400 m langa leiðslu á sjávarbotni og útrásarop verði á 40 m dýpi í Eyjafirði.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að mengun á strandsvæðum við Akureyri uppfylli kröfur reglugerðar um fráveitur og skólpi.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á landnotkun, loftgæði og viðtaka.

Landnotkun

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að framkvæmdin verði á iðnaðarsvæði samkvæmt skipulagi. Um Eyjafjörð fari mikil skipaumferð og fjölbreyttar veiðar séu stundaðar í firðinum. Þá hafi sjávar tengd ferðamennska vaxið á undanförunum árum, svo sem hvalaskoðun, sjóstangaveiði og sportköfun. Í frummatsskýrslu verði fjallað um reglur og kvaðir varðandi landnotkun og til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið til að sporna við neikvæðum áhrifum.



Loftgæði

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ónæði geti fylgt lykt sem berist frá skólphreinsistöðinni. Gert sé ráð fyrir að allt loft frá stöðinni fari í gegnum síubúnað, sem draga eigi verulega úr lykt. Í frummatsskýrslu verði fjallað um lykt frá hreinsistöðinni, mögulegum áhrifum hennar á samfélagið og þær mótvægisáðgerðir sem notaðar verði til að draga úr neikvæðum áhrifum ólyktar.

Viðtaki

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fyrir liggi viðamiklar upplýsingar um flesta þætti sem nýtist til að meta ástand viðtakans með tilliti til losunar á skólpi í Eyjafjörð. Frá árinu 2003 hafi á tveimur stöðum í innanverðum Eyjafirði verið gerðar mælingar á sjávarhita, seltu, súrefni, blaðgrænu og saurbakteríum. Tveimur mælistöðum hafi verið bætt við á vordögum 2016. Auk þess hafi Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Norðurorka mælt magn saurgerla við vesturströnd Eyjafjarðar síðan árið 2005, frá fjarðarbotni að Krossanesi. Í frummatsskýrslu verði fjallað um niðurstöður þessarar vöktunar og mat lagt á líklegar breytingar vegna hreinsistöðvarinnar og nýrrar útrásar á botni Eyjafjarðar. Einnig verði fjallað um mótvægisáðgerðir sem gripið verði til ef viðtakinn reynist ekki standast kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp.

Hafrannsóknastofnun segir í umsögn sinni að taka þurfi tillit til þátta sem nýlega hafi verið festir í lög og reglugerðir á Íslandi sem og nýrra upplýsinga um álag mannsins á umhverfi hafsins. Ekki standi til að fjalla um fleiri kosti en að grófhreinsa skólpið áður en því verði veitt til sjávar, en smáar plastagnir sleppi auðveldlega í gegnum grófhreinsun skólps og séu umhverfisógn fyrir allt lífríki sjávar. Telur stofnunin að gera þurfi grein fyrir afdrifum plastagna í skólpi sem um hreinsistöðina fari og dreifingu þeirra í Eyjafirði og ræða þann kost að hreinsa agnirnar úr skólpinu.

Norðurorka svarar að í frummatsskýrslu verði fjallað um kosti við meðhöndlun örplastagna í skólpi. Grófsiun á skólpi frá Akureyrarbæ verði borin saman við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að gerð verði krafa um eins þreps hreinsun í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp en frekari hreinsun sé ekki krafist þegar losa eigi skólp í síður viðkvæman viðtaka. Ekki verði gerð krafa um að smágerðar plastagnir verði hreinsaðar frá áður en skólpi sé veitt til sjávar, en í ljósi þeirra neikvæðu áhrifa sem slíkar agnir kunna að hafa á lífríki sjávar telur Umhverfisstofnun að í mati á umhverfisáhrifum fráveitunnar eigi að fjalla um afdrif plastagna.

Hafrannsóknastofnun bendir á að í vinnu við skilgreiningu viðtaka Akureyrarbæjar hafi ekki verið fjallað um hámarksstyrk næringarefna í sjó að vetri sem sé oftast notaður sem mælikvarði á næringarefnaauðgun. Einnig bendir stofnunin á að Umhverfisstofnun telji að óvissa ríki um hvort innri hluti Eyjafjarðar mæti þeim umhverfismörkum sem sett séu í nýjum lögum um stjórn vatnamála. Sú niðurstaða miði við núverandi ástand en nýrri hreinsistöð sé að ætlað að bæta þar úr. Hafrannsóknastofnun telur að fjalla þurfi betur um forsendur þess að flokka meggi viðtakann sem síður viðkvæman svo unnt sé að meta þessa mikilvægu forsendu.

Norðurorka svarar að skilgreining viðtakans verði endurskoðuð árið 2019. Ef vöktun viðtakans sýni fram á að hann meggi ekki við álaginu sé gert ráð fyrir frekari hreinsun í áföngum, þar sem fita, lífræn efni og næringarefni verði hreinsuð frá skólpinu. Því muni framkvæmdin nýttast að fullu, þó viðtakinn kunnist síðar að vera skilgreindur sem viðkvæmur. Í frummatsskýrslu verði fjallað um skilgreiningu viðtakans og mögulega áfangaskiptingu hreinsistöðvarinnar.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að árið 2015 hafi stofnunin staðfest viðtaka skólps frá Akureyrarbæ sem síður viðkvæman. Staðfestingin væri þó bundin óvissu og hafi stofnunin því vakið athygli á mikilvægi þess að hefja sem fyrst vöktun á viðtakanum til að sannreyna



skilgreininguna. Bent er á að í þessu sambandi þurfi að gera greinarmun á skilgreindu vatnshloti annars vegar og hins vegar viðtaka skólps.

Hafrannsóknastofnun bendir á að miklar framfarir hafi orðið í líkangerð og mælingum á straumum síðan útreikningar á straumum í firðinum voru gerðir fyrir 20-25 árum síðan. Meta þurfi hvort ástæða sé til að endurtaka líkanreikninga þar með talið spár um dreifingu efna. Einnig þurfi að gera grein fyrir uppsöfnun málma í set og spá um dreifingu annarra mengandi efna og styrk þeirra í viðtaka eins og fram komi í breytingu á reglugerð um varnir gegn mengun sjávar frá október 2015.

Norðurorka svarar að Umhverfisstofnun telji að gögn frá árinu 2008 hafi sýnt fjörðinn hæfan til að taka við og eyða skólpi og við endurskoðun sé eðlilegt að styðjast aftur við þau gögn. Ekki sé líklegt að aðstæður taki miklum breytingum, svo sem varðandi stærð viðtaka, vatnsskipti og þynningu. Því telji Norðurorka ekki ástæðu til þess að endurtaka líkanreikninga vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Jafnframt er bent á að Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hafi samþykkt vöktunaráætlun Norðurorku á viðtakanum, en ekki gert kröfu um mælingar á málmum í seti. Vöktun samkvæmt áætluninni hafi byrjað í apríl og maí á þessu ári og hún verði endurtekin í ágúst og desember næstkomandi. Samsvarandi mælingaröð verði endurtekin 2018 og 2019 og niðurstöður nýttar við endurskoðun á skilgreiningu viðtakans árið 2019.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin hafi metið það svo að ekkert nýtt hafi komið fram sem rýri niðurstöður fyrirbyggjandi straummælinga. Rétt sé að endurtaka straummælingar ef sýnt þyki að niðurstöður eldri mælinga séu gallaðar eða rangar. Umhverfisstofnun telji að einfaldara sé að afla vitneskju um styrk þungmálma í seti með sýnatöku í stað þess að nota flókin líkön. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála standi til að gera vöktunaráætlun fyrir allt landið þar sem fylgst verði með uppsöfnun efna í seti og lífverum. Einnig geri reglugerð um varnir gegn mengun vatns ráð fyrir að fylgst verði með styrk forgangsefna¹ í sjó.

Hafrannsóknastofnun bendir á að ný lög um stjórn vatnamála nái til strandsjávar og kveði meðal annars á um verndun vistkerfa, langtímavernd og sjálfbæra nýtingu, að hindra skuli frekari rýrnun vatnsgæða og bæta eigi ástand vatnavistkerfa. Tryggja eigi að ástand vatnshlota versni ekki og markmiðið sé að ástand þeirra sé að lágmarki gott. Samkvæmt reglugerð skuli ástand vatnshlota metið með líffræðilegum gæðapáttum, sem fyrir strandsjó séu: botnþörungar, botndýr og svifþörungar. Jafnframt eigi að meta vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti. Því telur stofnunin að verulegar breytingar hafi orðið á forsendum mats á umhverfisáhrifum framkvæmda sem áhrif hafa á strandsjó. Fjalla þurfi sérstaklega um alla þessa þætti í mati á umhverfisáhrifum.

Norðurorka svarar að fyrsti áfangi hreinsistöðvarinnar sem sé nú til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum uppfylli kröfur laga og reglugerða til skilgreiningar á viðkvæmni viðtakans. Markmiðið sé að ástand viðkomandi vatnshlots versni ekki. Ef niðurstöður vöktunar sýni að ástand viðtakans uppfylli ekki markmið laga og reglugerða, m.a. laga um stjórn vatnamála verði frekari hreinsun á skólpi sett á síðar. Telur Norðurorka að mat á líffræðilegum gæðapáttum (botnþörungar, botndýr og svifþörungar) og vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum eigi að vera viðfangsefni endurskoðunar á skilgreiningu viðtakans árið 2019 en ekki hluti af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að kerfi til að mæla gæðapætti, sem lagðir verði til grundvallar mati á ástandi vatnshlota, meðal annars strandsjávarhlota, sé ekki tilbúið. Því geti slíkt mat ekki farið fram enn sem komið er. Stofnunin sé þeirrar skoðunar að ekkert bendi til að

¹ Forgangsefni eru skv. skilgreiningu í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála „Hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því, og raðað er í forgangsröð eftir hættu sem af þeim stafar“.



skólpmengun frá umræddu þéttbýli muni leiða til óviðunandi ástands þess vatnshlots sem viðtakinn sé hluti af, ef ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp verði fylgt.

Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Norðurorku að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

1. Í frummatsskýrslu skal gera grein fyrir magni og meðhöndlun úrgangs og seyru frá hreinsistöðinni og fyrirhuguðum móttökustað. Meta þarf umhverfisáhrif af þessum hluta framkvæmdarinnar.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum fyrirbyggjandi straummælinga og kortlagningu þynningarsvæða við útrás fráveitunnar samkvæmt þeim, með tilliti til umhverfismarka, samanber reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætlun um vöktun á viðtakanum, sem hófst fyrir á þessu ári. Í ljósi óvissu um stöðu viðtaka skólps frá Akureyrarbæ þarf að fjalla um niðurstöður vöktunarinnar fram til þessa og hvernig þær falla að núverandi skilgreiningu á viðtakanum í innanverðum Eyjafirði. Einnig þarf að færa rök fyrir af hverju ekki er talin þörf á því að vakta uppsöfnun málma í seti.
4. Í frummatsskýrslu skal gera grein fyrir þekkingu á áhrifum smárra plastagna á lífríki sjávar og, ef mögulegt er, áætlun um magn slíks úrgangs sem fer um hreinsistöðina til sjávar. Einnig þarf að gera grein fyrir líklegri dreifingu plastagna í Eyjafirði og mögulegum umhverfisáhrifum af slíkri mengun.

Jafnframt viðhafi Norðurorka það verklag sem kynnt var í bréfi dags. 1. júní 2016, þar sem brugðist var við framkomnum umsögnum.

Framkvæmdaraðili getur kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun Skipulagsstofnunar um breytingar á matsáætlun, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 30. júní 2016

Sigmar Arnar Steingrímsson

Valur Klemensson